# Fimmtudagur 27. júlí



## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Hringekjan** (Storybreak). Bandarísk teiknimynd. Þýðandi Hallgrímur Helgason. Sögumaður Árni Pétur Guðjónsson.
18.20 **Unglingarnir í hverfinu** (Degrassi Junior High). Kanadískur myndaflokkur um unglinga í framhaldsskóla. Þýðandi Reynir Harðarson.
18.45 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Hver á að ráða?** (Who's the Boss?). Bandarískur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Ýrr Bertelsdóttir.
19.20 **Ambátt** (Escrava Isaura). Brasilískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Sonja Diego.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Gönguleiðir.** Þáttaröð um þekktar og óþekktar gönguleiðir. – Drangshlíðarfjall undir Eyjafjöllum. – Leiðsögumaður Þórður Tómasson. Umsjón Jón Gunnar Grjetarsson.
20.55 **Matlock.** Bandarískur myndaflokkur um lögfræðing í Atlanta og einstæða hæfileika hans við að leysa flókin sakamál. Aðalhlutverk Andy Griffith. Þýðandi Kristmann Eiðsson.
21.45 **Íþróttir.** Stiklað á stóru í heimi íþróttanna hérlendis og erlendis.
22.05 **Höfundur Helstríðs.** (Klimov). Bresk heimildamynd um sovéska kvikmyndagerðarmanninn Elem Klimov. Spjallað er við Klimov um myndir hans s.s. Helstríð sem Sjónvarpið sýndi miðvikudaginn 12. júlí. Þýðandi Jónas Tryggvason.
23.00 **Ellefufréttir og dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

16.45 **Santa Barbara.**
17.30 **Með Beggu frænku.** Endurtekinn þáttur frá síðastliðnum laugardegi. Umsjón: Guðrún Þórðardóttir.
19.00 **Myndrokk.**
19.19 **19:19.** Lifandi fréttaflutningur ásamt umfjöllun um málefni líðandi stundar.
20.00 **Brakúla greifi.** Bráðfyndin teiknimynd fyrir alla fjölskylduna.
20.45 **Það kemur í ljós.** Umsjón: Helgi Pétursson.
21.00 **Af bæ í borg.** Perfect Strangers. Gamanmyndaflokkur.
21.25 **Joe Kidd.** Alvöruvestri með Clint Eastwood í einu aðalhlutverka en þeir Robet Duvall og John Saxon eru mótleikarar hans. Hinn baráttuglaði Saxon hyggst ná landinu sínu og annarra Suður-Ameríkubræðra sinna aftur. Landeigandi nokkur óttast þessar aðgerðir og ræður Joe Kidd, sem leikinn er af Eastwood blessuðum, til þess að fara fyrir fylktu liði manna og lægja öldurnar. En Joe Kidd er ekki allur þar sem hann er séður. Nokkur eftirminnileg atriði eru í þessari mynd, sér í lagi eitt þar sem Clint Eastwood ekur eimreið í gegnum krá. Sem sagt alvöru vestri með fullt af hraustum kúrekum og hasar. Aðalhlutverk: Clint Eastwood, Robet Duvall og Johan Saxon. **Stranglega bönnuð börnum.**
22.50 **Jassþáttur.**
23.15 **Á dýraveiðum.** Hatari. Stórstjarnan John Wayne er hér í hlutverki veiðimanns í óbyggðum Afríku. Er þetta talin með bestu myndum leikarans kunna. Aðalhlutverk: John Wayne, Elsa Marinelli, Red Buttons og Hardy Kruger.

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Hreinn Hjartarson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið** með Edvard Frederiksen.
9.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
9.03 **Litli barnatíminn:** Viðburðaríkt sumar eftir Þorstein Marelsson. Höfundur les (3.) (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn.** Umsjón: Þorlákur Helgason.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Ég man þá tíð.** Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá liðnum árum.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Leifur Þórarinsson. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.05 **Í dagsins önn** – Bílasala. Umsjón: Álfhildur Hallgrímsdóttir.
13.35 **Miðdegissagan:** Að drepa hermikráku eftir Harper Lee. Sigurlína Davíðsdóttir les þýðingu sína (30.)
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Miðdegislögun.** Snorri Guðvarðarson blandar. (Frá Akureyri) (Einnig útvarpað aðfaranótt þriðjudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Ef.. hvað þá?.** Bókmenntaþáttur í umsjá Sigríðar Albertsdóttur. (Áður útvarpað 6. júlí sl.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin. Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið.** Umsjón: Sigríður Arnardóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Weber, Larsson og Bollmann.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpi kl. 4.40) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni í umsjá Ólafs Oddssonar.
19.37 **Kviksjá.** Umsjón: Freyr Þormóðsson og Ragnheiður Gyða Jónsdóttir. (Einnig útvarpað á sunnudagskvöld kl. 21.10.)
20.00 **Litli barnatíminn:** Viðburðaríkt sumar eftir Þorstein Marelsson. Höfundur les (3.) (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Tónlistarkvöld útvarpsins** – The King's Singers í Íslensku óperunni. Hljóðritun frá tónleikum 18. maí í vor. Kynnir: Ingveldur Ólafsdóttir.
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Frá Sigurði Fáfnisbana til Súpermanns.** Hetjusögur fyrr og síðar. Umsjón: Ólafur Angantýsson.
23.10 **Gestaspjall.** Umsjón: Sverrir Guðjónsson. (Einnig útvarpað mánudag kl. 15.03)
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Leifur Þórarinsson. (Endurtekinn frá morgni.)
01.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## Rás 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, maður dagsins kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Morgunsyrpa.** Eva Ásrún Albertsdóttir. Neytendahorn kl. 10.05. Afmæliskveðjur kl. 10.30. Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni sem leikur þrautreynda gullaldartónlist.
14.03 **Milli mála.** Árni Magnússon á útkíkki og leikur nýju lögin. Hagyrðingur dagsins rétt fyrir þrjú og Veiðihornið rétt fyrir fjögur.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Lísa Pálsdóttir, Sigurður Þór Salvarsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum. – Meinhornið.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu, sími 91-38 500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Íþróttarásin** – Íslandsmótið í knattspyrnu, 1. deild karla. Íþróttafréttamenn fylgjast með leikjum; ÍA–Vals, FH–ÍBK og Fylkis–KR
22.07 **Sperrið eyrun.** Anna Björk Birgisdóttir leikur þungarokk á ellefta tímanum.
01.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

01.00 **Blítt og létt....** Gyða Dröfn Tryggvadóttir. (Einnig útvarpað í bítið kl. 6.01)
02.00 **Fréttir.**
02.05 **Paul McCartney og tónlist hans.** Skúli Helgason rekur tónlistarferil hans í tali og tónum. (Endurtekinn þáttur frá sunnudegi.)
03.00 **Rómantíski róbótinn.**
04.00 **Fréttir.**
04.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi fimmtudagsins.
04.30 **Veðurfregnir.**
04.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá rás 1 kl. 18.10)
05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
05.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
06.01 **Blítt og létt....** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur á nýrri vakt. Svæðisútvarp Norðurlands kl. 8.10–8.30 og 18.03–19.00. Svæðisútvarp Austurlands kl. 18.03–19.00

## FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Valdís er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskalögin, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu.
18.10 **Reykjavík síðdegis. Hvað finnst þér?** Hvað er efst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í síma 61 11 11. Þáttur sem dregur ekkert undan og menn koma til dyranna eins og þeir eru klæddir þá stundina. Umsjónarmaður er Arnþrúður Karlsdóttir.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Pétur Steinn Guðmundsson.** Tónlist af vinsældalistum íslenskum bandarískum, breskum og evrópskum.
24.00 **Næturdagskrá.**
Fréttir á Bylgjunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
9.00 **Gunnlaugur Helgason.** Leikir, tónlist og ýmislegt létt sprell með hlustendum. Gunnlaugur leikur nýjustu lögin og kemur kveðjum og óskalögum hlustenda til skila.
14.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** Stjórnar tónlistinni með duglegri hjálp hlustenda. Ný tónlist situr í fyrirrúmi. Spjallað við hlustendur, getraunir og leikir. Róleg tónlist kl. 18.10-19.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson.** Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalög.
24.00 **Næturstjörnur.**
Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.

## Rót ÚTVARP FM 106,8

9.00 **Rótartónar.**
11.00 **Poppmessa í G–dúr. E.**
13.30 **Mormónar.** Kirkja Jesú Krists hinna síðari daga heilögu.
14.00 **Við og umhverfið.** E.
14.30 **Elds er þörf.E.**
15.30 **Upp og ofan. E.**
16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Heimsljós.** Kristilegur tónlistarþáttur. Umsjón hefur Ágúst Magnússon.
18.00 **Kvennaútvarpið.** Ýmis kvennasamtök.
19.00 **Neðanjarðargöngin 7–9–13.** Óháður vinsældalisti.
21.00 **Úr takt.** Tónlistarþáttur með Hafliða Skúlasyni og Arnari Gunnari Hjálmtýssyni.
22.00 **Tvífarinn.** Tónlistarþáttur í umsjá Ásvalds Kristjánssonar.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt.**

## 95,7

7.00 **Hörður Arnarson.**
9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
13.00 **Hörður Arnarson.**
15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
19.00 **Anna Þorláks.**
22.00 **Sigurður Ragnarsson.**
1.00– 7 **Páll Sævar Guðnason.**

## SKY CHANNEL

4.30 **Viðskiptaþáttur**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaefni.
7.30 **Panel Pot Pourri.** Spurningaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Proplem Shared.** Fræðsluþáttur með ráðleggingum.
11.00 **Another World.** Sápuópera.
11.55 **General Hospital.**
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **The Lucy Show.** Gamanþáttur.
14.45 **Lady Lovely Locks.** Teiknimyndasería.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **The Young Doctors.**
16.30 **Three's Company.** Gamanþáttur.
17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni
18.00 **Sale of the Century.** Spurningaþáttur.
18.30 **Beyond 2000.** Vísindaþáttur.
19.30 **The Streets of San Francisco.** Sakamálaþáttur.
20.30 **The Paper Chase.** Framhaldsmyndaflokkur
21.30 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
22.30 **Top End Down Under.** Ferðaþáttur.

## SKY MOVIES

13.00 **The Sound of Music.**
16.00 **Hurricane.**
17.30 **Malachi's Cove.**
19.00 **Class.**
21.00 **Highlander.**
23.00 **Return of the Living Dead.**
00.30 **Panic in the Year Zero.**

## EUROSPORT

9.30 **Trans World Sport.** Fréttir og úrslit.
10.30 **Fimleikar.** Keppni í Ástralíu.
11.30 **Sundknattleikur.**
12.30 **Knattspyrna.** Sovétríkin gegn Ítalíu.
13.30 **Knattspyrna.** Frá heimsmeistarakeppninni.
14.30 **Sundknattleikur.**
15.30 **Eurosport Menu.**
17.00 **Mobil Motor Sport News.** Fréttir og fleira úr kappaksturkeppnum.
17.30 **Surfer magazine.** Brimbrettakeppni á Hawaii.
18.00 **Fimleikar.** Keppni í Ástralíu.
19.00 **Sundknattleikur.**
20.00 **Knattspyrna.** Holland gegn Englandi.
21.00 **Hjólreiðar.** Tour de France.
22.00 **Ástralski fótboltinn.**

## SUPER CHANNEL

13.30 **Poppþáttur.**
14.30 **Hotline.**
16.30 **Nino Firetto.** Tónlistarþáttur.
17.30 **'Allo 'Allo.** Gamanþáttur.
18.00 **Betrayal.** Kvikmynd.
19.50 **Fréttir og veður.**
20.00 **Savage Wilderness.** Kvikmynd.
22.00 **Fréttir, veður og popptónlist.**



**Eastwood keyrir lest inn á bar í myndinni Joe Kidd.**

### Stöð 2 kl. 21.55:

# Joe Kidd

## – ef þú ert að leita að vandræðum þá . . . .

Þessi átakamikli vestri greinir frá biturri baráttu á milli Mexíkana og sterkra amerískra viðskiptahagsmuna um aldamótin í Nýju Mexíkó. Clint Eastwood kemur hér fram í einu þeirra hlutverka sem byggðu upp ímynd hans sem leikara eins og t.d. í myndinni Hnefafylli af dollurum. Eastwood leikur drápsmann sem vinnur báðum megin víggirðingarinnar. John Sturgers snýr einnig til baka á gamlar slóðir í þessari mynd. Hann er slyngur við að skapa spennu og setja á svið ógurlega skotbardaga sem svo mjög einkenna þessa atburðaríku mynd.

Kvikmyndahandbókin gefur Joe Kidd tvær stjörnur – segir hana búa yfir skemmtilegum myndatökum og gefur því atriði þegar Eastwood ekur lest inn á bar góða einkunn.

### Sjónvarpið kl. 22.05:

# Kvikmyndaleikstjórinn Klimov

Þetta er ný heimildarmynd um einn fremsta kvikmyndaleikstjóra Sovétríkjanna, Elem Klimov. Nýlega var hann kosinn fyrsti ritari félags sovéskra kvikmyndagerðarmanna.

Klimov hefur aðeins gert sex langar kvikmyndir á 20 ára starfsferli sínum og þykir það ekki mjög mikið miðað við hæfileikana sem hann býr yfir. Síðan hann tók við starfi ritara félags sovéskra kvikmyndagerðarmanna hefur banni á ýmsum myndum frægra kvikmyndargerðarmanna verið aflétt þar í landi fyrir hans tilstilli. Eru þar á meðal myndir þekktra manna eins og Alexander Sokurov, Alexei German og Tengiz Abuladze.

Í þessari heimildarmynd um Klimov ræðir bandarískur blaðamaður, Ronald Holloway, við leikstjórann. Sýnd verða brot úr kvikmyndum hans en sumar þeirra voru bannaðar í Sovétríkjunum um árabil. Klimov ræðir einnig um róttækar breytingar sem fyrirsjáanlegar eru í sovéskri kvikmyndagerð á komandi árum.

-gh



**Í Heimsljósi verður fjallað um kristindóm og leikin kristileg tónlist á svipuðum nótum og popp.**

### Útvarp Rót kl. 17.00:

# Heimsljós

Í dag hefst nýr þáttur á Rótinni sem heitir Heimsljós. Nafnið er dregið af orðunum „ljós heimsins". . . . og það á að skína. Í þættinum verður leikin kristileg tónlist sem er á svipuðum nótum og venjuleg popptónlist. Textar laganna búa hins vegar yfir boðskap frá guði til þín. Einnig verður lesið úr heilagri ritningu.

Þessi þáttur verður á dagskrá vikulega – á fimmtudögum frá kl. 17–18. Umsjónarmaður Heimsljóss er Ágúst Magnússon. Hann starfaði á útvarpsstöðinni Alfa og stjórnaði samnefndum þætti. Alfa er nú í sumarfríi.


